

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – júlí 2025

Skráð atvinnuleysi í júlí var 3,4%

Skráð atvinnuleysi í júlí var 3,4% og var óbreytt frá síðasta mánuði. Í júlí 2024 var atvinnuleysið hins vegar 3,1%.

Að meðaltali voru 7.448 atvinnulausir í júlí, 4.288 karlar og 3.160 konur. Meðalfjöldi atvinnulausra hækkaði um 50 manns milli mánaða.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júlí eða 5,6% og hélst óbreytt milli mánaða.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,0%.

Alls komu inn 164 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun Vinnumálastofnunar í júlí.


Atvinnulausir voru 7.811 í lok júlí, 4.445 karlar og 3.366 konur.

Í júlí 2025 gaf Vinnumálastofnun út 328 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 279 á höfuðborgarsvæðinu.

Í júlí voru 299 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 10 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi fari hækandi í ágúst og verði 3,5%.

Próun atvinnuleysis frá júlí 2023 til júlí 2025




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi stóð í stað á flestum stöðum á landinu en hækkaði lítillega á Vesturlandi þar sem það fór úr 2,1% í 2,3%. Atvinnuleysi lækkaði mest á Austurlandi þar sem það fór úr 1,4% í 1,2%. Atvinnuleysi var 2,8% á landsbyggðinni í júlí og 3,8% á höfuðborgarsvæðinu.

Atvinnuleysi var lægst á Norðurlandi vestra eða 1,0% og 1,2% á Austurlandi.


Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í júní og júlí.



Atvinnuleysi karla var hærra en kvenna á öllu landinu í júlí fyrir utan Suðurland, þar sem atvinnuleysi karla var 2,6% en atvinnuleysi kvenna 3,0%. Mestur var munurinn á atvinnuleysi á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 1,2% en atvinnuleysi kvenna 0,7%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í júlí.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.811 í lok júlí, 4.445 karlar og 3.366 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 45 frá júnílokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 71.

Alls voru 1.942 atvinnuleitandur á aldrinum 18-29 ára án atvinnu í lok júlí og fjölgaði um 29 frá lokum júní.


Alls höfðu 1.548 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júlí. Í júlí 2024 var fjöldi þeirra hins vegar 1.278 og nemur fjölgunin 270 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 2.025 í júlí síðastliðnum en voru 1.732 í júlí 2024.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fjölgaði lítillega í flestum atvinnugreinum í júlí nema í flokknum listir, söfn o.fl þar sem fækkaði um 18. Mest var fjölgunin í opinberri þjónustu o.fl. þar sem atvinnulausum fjölgaði um 54, í verslun og vöruflutningum þar sem fjölgaði um 32 og í sérfræðilegri, vísindalegri og tæknilegri starfsemi þar sem fjölgaði um 15.


Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 4.300 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júlí og fjölgaði um 57 frá því í lok júní. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var 55% í lok júlí. Vinnumálastofnun áætlað að atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara hér á landi hafi verið 7,4% í júlí samanborið við 2,0% hjá Íslendingum.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.710 sem er um 40% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma atvinnuleitendur frá Litáen, Úkraínu og Rúmeníu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok júlí 2025



Atvinnuleyfi


Atvinnuleyfi

Í júlí 2025 gaf Vinnumálastofnun út 328 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 279 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 104 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 224 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í júlí, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna náms eða 182 leyfi. Þá voru gefin út 48 leyfi vegna sérfræðipekkingar og 43 vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í júlí voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga

og sérmenntaðra eða 37%, 25% vegna þjónustustarfa og 15% vegna starfa verkafólks. Um 24% voru í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í júlí 2025




Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis- tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í júlí voru gefin út 114 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 73 einstaklingar, 12 fóru til Litáen og 4 til Tékklands. Þá voru gefin út 25 vottorð til viðbótar til 13 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, júlí 2025




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 164 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júlí. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða 104 störf, önnur voru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 60% starfanna voru á höfuðborgarsvæðinu, 16% á Suðurnesjum og 12% á Suðurlandi. Þá voru 12% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í júlí 2025



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í júlí voru 299 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 10 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk. Flestir þátttakendur voru á höfuðborgarsvæðinu eða 194 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.